

Nefndasvið Alþingis
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2354
komudagur 18.5.2010

Reykjavík, 17. maí 2010

Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál


Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til tölvubréfs umhverfisnefndar Alþingis dags. 6. maí 2010 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál.

Almenn umsögn

Á undanförunum árum hefur það komið fyrir æ ofan í æ að umhverfisráðuneytið hafi farið langt fram yfir lögboðna úrskurðarfresti t.d. í kærumálum vegna starfsleyfa útgefnum af heilbrigðisnefndum sveitarfélaga. Nokkur nýleg dæmi eru um að ár hafi liðið frá kæru þar til úrskurður berst. Að mati Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er mikilvægt að grípa til annarra aðgerða en lengingar úrskurðarfrestar til að bæta úr þessu ástandi. Nausynlegt er að fara yfir málsmeðferð ráðuneytisins og Skipulagsstofnunar í þessum málum, sérstaklega þarf að athuga hvort gengið sé lengra í gagnaöflun á kærustigi en ástæða er til. Einnig þyrfti að skýra og bæta ákvæði laganna en slíkar úrbætur gætu dregið úr fjölda kæra. Þá þarf að tryggja að umhverfisráðuneytið hafi næga starfsmenn til að tryggja að unnt sé að sinna verkefnum innan lögbundins tímafrests.

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa tekur undir umsögn Sambands íslenskar sveitarfélaga og telur frekar ástæðu til þess að leita leiða til þess að draga úr réttaróvissu við framkvæmd umhverfismats og setja skýrari reglur um málsmeðferð, heldur en að fara þá leið að lengja úrskurðarfrest ráðuneytisins, líkt og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllst.



Svava Svanborg Steinarsdóttir,
formaður

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2569
komudagur 27.5.2010



FÍN
Félag íslenskra
náttúrufræðinga

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 25. maí 2010

Efni: Umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál.

Félagi íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) barst tölvupóstur frá Umhverfisnefnd Alþingis, dagsett 6. maí 2010, þar sem óskað er eftir að félagið veiti umsögn um Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál.

FÍN gerir ekki athugasemdir við ofangreint frumvarp.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags íslenskra náttúrufræðinga

Páll Halldórsson, formaður FÍN

Alþingi
Erindi nr. P 138/2355
komudagur 18.5.2010



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Fornleifavernd ríkisins

Suðurgata 39, 101 Reykjavík
Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631
Heimasíða: www.fornleifavernd.is
kristinn@fornleifavernd.is

Reykjavík 17. maí 2010

Tilvísun: Fvr 2010050016 IKM

Efni: Efni: Umsögn um 514. mál.

Fornleifavernd ríkisins hefur móttengið tölvupóst, dags. 6. maí 2010, frá skjalaverði nefndarsviðs Alþingis þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000.

Breytingin felur í sér lengri úrskurðarfrest umhverfisráðherra í kærumálum vegna þeirra ákvarðan sem tilgreindar eru í 1. og 3. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við umrætt frumvarp.

Virðingarfyllst,
f.h. Fornleifaverndar ríkisins

Kristinn Magnússon
Deildarstjóri

Alþingi umhverfisnefnd
b.t. nefndarsviðs
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20.05.2010

1005003HA MKH/
Málalykill: 613

Efni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál

Hafnasambandi Íslands hefur borist beiðni umhverfisnefndar Alþingis um umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál – þskj. 901.

Hafnasamband Íslands hefur haft til skoðunar umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið og tekur undir hana í einu og öllu.

Framgreint tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt
HAFNASAMBAND ÍSLANDS



Magnús Karel Hannesson
starfsmaður HÍ

Hjálagt: Umsögn Sambands íslenskra sveitarfélaga um frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál.

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14.05.2010

1005015SA GB
Málalykill: 381

Efni: Umsögn um frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál

Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lögð til breyting á 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum varðandi fresti umhverfisráðherra til að úrskurða í kærumálum vegna þeirra ákvarðana sem tilgreindar eru í 1. og 3. mgr. 14. gr. laganna. Lagt er til að úrskurðarfrestur ráðherra verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá mánuði, þ.e. um einn mánuð. Þó er lagt til það nýmæli að heimilt verði að framlengja frest til úrskurðar um allt að þrjá mánuði til viðbótar ef um er að ræða umfangsmikil mál.

Þær ákvarðanir sem frumvarpið nær til eru m.a. ákvarðanir sem Skipulagsstofnun tekur skv. 6. gr. laganna um hvort framkvæmdir sem tilgreindar eru í 2. viðauka laganna séu matsskyldar og ákvarðanir stofnunarinnar um hvort meta skuli matsskyldar framkvæmdir sameiginlega, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Í skýringum við frumvarpið er vísað til þess að í framkvæmd hafi lögbundinn úrskurðartími ekki reynst vera raunhæfur.

Sambandið telur ástæðu til að vísa til umsagnar sem það sendi umhverfisnefnd Alþingis þann 11. nóvember 2009 vegna þingsályktunartillögu um afturköllun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál. Í umsögninni er m.a. bent á að í því máli hafi umhverfisráðuneytið farið fimm mánuði fram yfir lögbundinn úrskurðarfrest áður en það ógilti ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki væri skylt að fram færi sameiginlegt umhverfismat vegna tiltekinna framkvæmda.

Í umsögninni er jafnframt vísað til álits umboðsmanns Alþingis frá 28. september 2009 í máli nr. 5376/2008, þar sem umboðsmaður gagnrýnir þann langa tíma sem málsmeðferð umhverfisráðuneytisins vegna úrskurðarmála um mat á umhverfisáhrifum hefur tekið. Umboðsmaður bendir m.a. á að forðast beri að draga mál á langinn með því að afla umsagna og gagna sem lítil þörf væri á en eftir því sem umsagnaraðilar væru fleiri ykjast líkur á því að meðferð málsins yrði umfangsmeiri og tímafrekari. Við ákvarðanir um gagnaöflun bæri stjórnvaldi því, auk rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga, að hafa í huga lögbundnar málshraðareglur og þá hagsmuni sem aðilar máls hefðu almennt af því að afgreiðsla máls dragist ekki um of.

Með vísan til fyrrgreindrar umsagnar og áður nefnds álits umboðsmanns Alþingis telur sambandið mikilvægt að Alþingi og umhverfisráðuneyti skoði aðrar mögulegar leiðir en að lengja úrskurðarfrest umhverfisráðherra eins og

lagt er til í frumvarpinu. Þar virðist meðal annars þurfa að gæta að eftirtöldum atriðum:

- að yfirfara málsmeðferð ráðuneytisins og Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort gengið sé lengra í gagnaöflun á kærustigi en ástæða er til
- að tryggja að ákvæði laganna séu eins skýr og kostur verður til þess að fækka kærumálum, sbr. einkum ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna, sem fjallar um sameiginlegt mat framkvæmda
- að tryggja að starfsmannafjöldi ráðuneytisins sé nægur til þess að anna lögbundnum verkefnum innan þeirra tímafresta sem löggjafinn ákveður.

Sambandið telur samkvæmt framansögðu frekar ástæðu til þess að leita leiða til þess að draga úr réttaróvissu við framkvæmd umhverfismats og setja skýrari reglur um málsmeðferð, heldur en að fara þá leið að lengja úrskurðarfrest ráðuneytisins, líkt og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs

Fylgiskjal:

Umsögn um þál. um SV-línu, 11. mál



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. P 138/2107
komudagur 10.5.2010


Reykjavík, 07.05.2010
Tilv. 90.13
JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál, 138. löggj. þing 2009-2010

Vísað er í erindi umhverfisnefndar Alþingis um ofangreint málefni dagsett 6. maí 2010.

Ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við frumvarp þetta.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar,


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:
Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:
575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:
www.hafro.is


Tölvupóstfang:
hafro@hafro.is

LANDGRÆÐSLA RÍKISINS

Alþingi

Erindi nr. Þ 138/2139

komudagur 11.5.2010



Alþingi
Kristjana Benediksdóttir
v/Austurvöll
150 Reykjavík

Gunnarsholti, 10.05.2010

Tilv. 00.25


GS

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, mál nr. 514.

Landgræðslu ríkisins hefur borist erindi Nefndasviðs Alþingis, dags. 7. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar stofnunarinnar á frumvarpi til laga um mat á umhverfisáhrifum.

Landgræðslan gerir engar efnislegar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,
f.h. Landgræðslu ríkisins,


Guðmundur Stefánsson
sviðsstjóri



Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/2356
komudagur 18.5.2010

Akranesi 17. maí 2010

Tilvísun: L10050006/022.1/MG/-

**Efni: Frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (lengri úrskurðarfrestur ráðherra)
514. mál.**

Þann 6. maí 2010 barst Landmælingum Íslands til umsagnar frá Alþingi frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (lengri úrskurðarfrestur ráðherra) 514. mál. Landmælingar Íslands gera ekki athugasemdir við frumvarpið.

Bestu kveðjur

Magnús Guðmundsson
forstjóri Landmælinga Íslands



Alþingi
Erindi nr. P 138/2621
komudagur 1.6.2010

Landsvirkjun

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

Reykjavík, 28.05.2010
Tilvísun vor: 98.11

150 REYKJAVÍK

Efni: **Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, þskj. 901 – 514. mál.**

Að beiðni umhverfisnefndar Alþingis er hér með látin í té neðangreind umsögn Landsvirkjunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, nr. 106/2000, með síðari breytingum, þskj. 901 – 514. mál, sem lagt hefur verið fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009 – 2010.

Landsvirkjun fagnar framkomnu frumvarpi og telur það löngu tímabært. Breytingin setur stjórnsýslunni skýrari mörk og stýttir tíma réttaróvissu í málum sem upp kunna að koma.

Að mati Landsvirkjunar er þriggja mánaða tími til þess að kveða upp úrskurð frá því að kærufrestur rennur út meira en fullnægjandi. Dugir sá tími vel þó að mál sé umfangsmikið. Í minni málum á auðveldlega að vera unnt að kveða upp úrskurð innan mánaðar. Landsvirkjun leggur því til að seinni setningin í 1. gr. frumvarpsins (4. mgr. 14. gr.) falli brott. Ef vilji er hins vegar fyrir því að heimila lengingu þriggja mánaða frestsins, sem Landsvirkjun sér ekki að þörf sé fyrir, er æskilegt að sá viðbótarfrestur verði mjög stuttur og alls ekki lengri en einn mánuður. Afar óheppilegt og ósanngjarnt er fyrir þann sem bíður úrskurðar að þurfa að sætta sig við óvissu um niðurstöðu máls í allt að hálf ár, eins og frumvarpið gerir nú ráð fyrir. Slíkt flokkast með engum hætti undir skilvirka stjórnsýslu í opnu nútíma upplýsingasamfélagi.

Virðingarfyllst

Hörður Arnarson
forstjóri

Alþingi
Erindi nr. Þ 138/235/
komudagur 18.5.2010

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2010
2010050013/42-1-3
TB
jgo/tb

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 514 mál.


Vísað er til bréfs/tölvupósts frá Umhverfisnefnd Alþingis, dags. 6. maí sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 514 mál.

Náttúrufræðistofnun Íslands styður framangreint frumvarp þar sem ljóst er að nauðsynlegt og tímafrekt getur reynst að rannsaka og afla nýrra upplýsinga í umfangsmiklum málum.

Virðingarfyllst




Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson



Alþingi
Erindi nr. P 138/2352
komudagur 18.5.2010



**Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík**


Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál.

Norðurorka hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að tjá sig um frumvarpið.

Norðurorku hf. gerir umsögn Samorku, Samtaka Iðnaðarins og Samtaka Atvinnulífsins um frumvarpið að sinni.

Jafnframt fylgir umsögninni, sem fylgiskjal, sérálit eins stjórnarmanns af fimm í stjórn Norðurorku hf.

Virðingarfyllst
Akureyri 17. maí 2010.
F.h. Norðurorku hf.


Franz Arnason forstjóri

Fylgiskjal með umsögn Norðurorku hf. um frumvarp til lagaum breytingu á lögum nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál

Sérbókun frá Kristínu Sigfúsdóttur með umsögn Norðurorku um frumvarp til laga til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum.

Undirrituð getur ekki tekið undir það sem kemur fram í umsögn frá Samorku, SA og Sl. sem rök gegn breytingum i frumvarpi til laga til breytinga á lögum um mat á umhverfisáhrifum. Ég samþykki ekki að dregið sé úr vægi þess að meta skildar framkvæmdir samtímis. Ég álfít sérstaklega mikilvægt að MÁU fari sameiginlega fram á umhverfisáhrifum á framkvæmdatíma ekki síður en á rekstrartíma. Þar á ég ekki síst við línuvegi, brúargerð, námavinnslu, sprengingar, landfyllingar, efnislosun, frágang og ef til vill hafnargerð sem fylgt gætu ákeðinni framkvæmd. Ekki síst þarf MÁU að taka til sameiginlegra mótvægisáðgerða bæði á framkvæmdar og rekstrartíma. Vitna ég þar til Árósasamningsins sem verið er að fullgilda fyrir Íslands hönd. Umhverfisáhrif af matsskyldum framkvæmdum verður að kortleggja og meta, allra hluta vegna þegar drög að matsskýrslu eru gerð.

Oft á tíðum hefur tíminn verið of naumur þegar setja þarf í ferli stórar framkvæmdir og álfít ég tímenn sem áætlaður er í breytingafrumvarpinu nauðsynlegan þegar mjög tímafrekar matskýrslur eru í vinnslu. Þess vegna álfít ég að sé verið að lengja vinnutímann sem MÁU ferlið þarfnast í viðamiklum, óafturkræfum framkvæmdum.

Virðingarfyllst

Akureyri 13.maí 2010

Kristín Sigfúsdóttir kt.130349-4719

26.5.2010

Alþingi
Erindi nr. P 138/2570
komudagur 27.5.2010

Umhverfisnefnd Alþingis

**Umsögn Orkubús Vestfjarða ohf. um Frumvarp til laga
um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum,
nr. 106/2000, með síðari breytingum., 514 mál.**

Af hálfu Orkubús Vestfjarða er varað við því að lengja fresti frá því sem nú er þar sem það kann að leiða til tafa á nauðsynlegum framkvæmdum.

Með bestu kveðjum
Fyrir hönd Orkubús Vestfjarða ohf

Kristján Haraldsson
orkubússtjóri

Alþingi
Erindi nr. P /38/2357
komudagur 18.5.2010



ORKUSTOFNUN

Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Sími - 569 6000
Fax - 568 8896
http://www.os.is

Alþingi - Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 17. maí 2010
Tilvísun: 2010050010
Bréfalykill: 50.11
Verknúmer: 1227000

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 514. mál.

Orkustofnun hefur borist erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 6. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Orkustofnunar um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, 514. mál.

Samkvæmt núgildandi lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum skal úrskurður í kærumáli, samkvæmt 14. gr. laganna, kveðinn upp innan tveggja mánaða frá því að kærufrestur rann út. Með frumvarpi því sem hér um ræðir er lagt til að frestur þessi verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá og að heimilt verði að framlengja frest til úrskurðar um allt að þrjá mánuði til viðbótar ef mál er umfangsmikið. Er um að ræða ákvarðanir Skipulagsstofnunar, annars vegar um matsskyldu framkvæmda, sbr. 2. viðauka laganna, og hins vegar um hvort meta skuli matsskyldar framkvæmdir sameiginlega.

Orkustofnun telur þá breytingu, sem lögð er til með frumvarpinu, óviðunandi og í ósamræmi við meginreglu íslensks stjórnisýsluréttar um skilvirka stjórnisýslu og málshraða, sem lögfest er í 9. gr. stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

Um rökstuðning er í athugasemdum frumvarpsins vísað til umfangs og eðlis þeirra mála sem um ræðir. Ákvarðanir um áhrif á framkvæmda á umhverfið séu í eðli sínu matskenndar og við það mat þurfi m.a. að leita umsagna hjá sérfræðistofnunum á viðkomandi fagsviði eða jafnvel að láta vinna sérfræðialit um tiltekna þætti málsins. Segir svo orðrétt: „Í úrskurðum vegna slíkra kærumála er þannig lagt mat á áhrif framkvæmda á umhverfið á grundvelli slíkrar gagnaöflunar og er hún forsenda þess að hægt sé að kveða upp úrskurði.“ Af þessu orðalagi mætti ætla að litið sé svo á að við mat á því hvort framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum verði farið út í eiginlegt mat á umhverfisáhrifum. Orkustofnun telur að með þessu fyrirkomulagi sé farið í kringum tilgang laganna um að íþyngja ekki um of leyfisveitingarferli fyrir þær framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til þess að hafa í för með sér veruleg áhrif á umhverfið. Mikilvægt er fyrir framkvæmdaraðila að fá úr því skorið eins fljótt og unnt er, sbr. fyrrnefnda 9. gr. stjórnisýslulaga, hvort framkvæmd sé háð mati á umhverfisáhrifum eða ekki og á framkvæmdaraðili ekki, við það mat, að þurfa að sæta ferli sem kann eftir atvikum að verða jafníþyngjandi og ferlið við hið eiginlega mat á umhverfisáhrifum.

Vísað er í athugasemdum frumvarpsins til rannsóknarreglu 10. gr. stjórnisýslulaga en á það skal bent að hún stendur ekki ein og sér heldur einmitt í samhengi við málshraðaregluna og

Því þarf við beitingu þeirra að finna meðalveg og gæta meðalhófs. Þá virðist í athugasemdunum ekki gert ráð fyrir því að Skipulagsstofnun hafi þá þegar unnið að því að rannsaka og upplýsa málið og að þær upplýsingar sem máli skipta eigi því að liggja fyrir í málinu, nema að með þessu frumvarpi sé verið að lýsa yfir vantrausti á störf þeirrar stofnunar.

Er það reynsla Orkustofnunar að tveir mánuðir séu í flestum tilfellum nægjanlegur tími til þess að taka ákvarðanir um umfangsmikil mál er varða samspil framkvæmda og umhverfis. Ef séð er fram á að afgangi máls muni teyfjast er, á grundvelli 3. mgr. 9. gr. stjórnsýslulaga, unnt að skýra aðila máls frá því, upplýsa um ástæður tafanna og hvenær ákvörðunar sé að vænta.

Virðingarfyllt


Valborg Steingrimsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/2734
komudagur 8.6.2010



Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasviði
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 04.06.2010

Efni: Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur um frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál

Orkuveitu Reykjavíkur hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál. Í frumvarpinu er lagt til að frestur umhverfisráðherra til að úrskurða í kærumálum skv. lögnum, þ.e. varðandi ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matskyldu framkvæmda og sameiginlegt mat, lengist úr tveimur í þrjá til sex mánuði.

Orkuveita Reykjavíkur leggst eindregið gegn því að frestir séu lengdir. Framkvæmdaraðilar, þ. á m. Orkuveita Reykjavíkur, hafa ríka hagsmuni af því að stjórnsýsla við formlegan undirbúning framkvæmda sé skilvirk. Öll óvissa um tímafresti og framgang við undirbúning framkvæmda er afar bagaleg og veldur tjóni. Því er ítrekuð andstaða við þá breytingu sem lögð er til með frumvarpinu.

Virðingarfyllt,



Elín Smáradóttir, hdl.



Alþingi
Erindi nr. P 138/2304
komudagur 17.5.2010

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. umhverfisnefndar
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 14.05.2010

1005015SA GB
Málalykill: 381

Efni: Umsögn um frv. til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál


Vísað er til tölvubréfs frá nefndasviði Alþingis, dags. 6. maí 2010, þar sem óskað er umsagnar Sambands íslenskra sveitarfélaga um ofangreint frumvarp. Í frumvarpinu er lögð til breyting á 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum varðandi fresti umhverfisráðherra til að úrskurða í kærumálum vegna þeirra ákvarðana sem tilgreindar eru í 1. og 3. mgr. 14. gr. laganna. Lagt er til að úrskurðarfrestur ráðherra verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá mánuði, þ.e. um einn mánuð. Þó er lagt til það nýmæli að heimilt verði að framlengja frest til úrskurðar um allt að þrjá mánuði til viðbótar ef um er að ræða umfangsmikil mál.

Þær ákvarðanir sem frumvarpið nær til eru m.a. ákvarðanir sem Skipulagsstofnun tekur skv. 6. gr. laganna um hvort framkvæmdir sem tilgreindar er í 2. viðauka laganna séu matsskyldar og ákvarðanir stofnunarinnar um hvort meta skuli matsskyldar framkvæmdir sameiginlega, sbr. 2. mgr. 5. gr. laganna. Í skýringum við frumvarpið er vísað til þess að í framkvæmd hafi lögbundinn úrskurðartími ekki reynst vera raunhæfur.

Sambandið telur ástæðu til að vísa til umsagnar sem það sendi umhverfisnefnd Alþingis þann 11. nóvember 2009 vegna þingsályktunartillögu um afturköllun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál. Í umsögninni er m.a. bent á að í því máli hafi umhverfisráðuneytið farið fimm mánuði fram yfir lögbundinn úrskurðarfrest áður en það ógilti ákvörðun Skipulagsstofnunar um að ekki væri skylt að fram færi sameiginlegt umhverfismat vegna tiltekinnar framkvæmda.

Í umsögninni er jafnframt vísað til álits umboðsmanns Alþingis frá 28. september 2009 í máli nr. 5367/2008, þar sem umboðsmaður gagnrýnir þann langa tíma sem málsmeðferð umhverfisráðuneytisins vegna úrskurðarmála um mat á umhverfisáhrifum hefur tekið. Umboðsmaður bendir m.a. á að forðast beri að draga mál á langinn með því að afla umsagna og gagna sem lítil þörf væri á en eftir því sem umsagnaraðilar væru fleiri ykjust líkur á því að meðferð málsins yrði umfangsmeiri og tímafrekari. Við ákvarðanir um gagnaöflun bæri stjórnvaldi því, auk rannsóknarreglu 10. gr. stjórnsýslulaga, að hafa í huga lögbundnar málshraðareglur og þá hagsmuni sem aðilar máls hefðu almennt af því að afgreiðsla máls dragist ekki um of.

Með vísan til fyrrgreindrar umsagnar og áður nefnds álits umboðsmanns Alþingis telur sambandið mikilvægt að Alþingi og umhverfisráðuneyti skoði aðrar mögulegar leiðir en að lengja úrskurðarfrest umhverfisráðherra eins og



lagt er til í frumvarpinu. Þar virðist meðal annars þurfa að gæta að eftirtöldum atriðum:

- að yfirfara málsmeðferð ráðuneytisins og Skipulagsstofnunar m.t.t. þess hvort gengið sé lengra í gagnaöflun á kærustigi en ástæða er til
- að tryggja að ákvæði laganna séu eins skýr og kostur verður til þess að fækka kærumálum, sbr. einkum ákvæði 2. mgr. 5. gr. laganna, sem fjallar um sameiginlegt mat framkvæmda
- að tryggja að starfsmannafjöldi ráðuneytisins sé nægur til þess að anna lögbundnum verkefnum innan þeirra tímafresta sem löggjafinn ákveður.

Sambandið telur samkvæmt framansögðu frekar ástæðu til þess að leita leiða til þess að draga úr réttaróvissu við framkvæmd umhverfismats og setja skýrari reglur um málsmeðferð, heldur en að fara þá leið að lengja úrskurðarfrest ráðuneytisins, líkt og lagt er til í frumvarpinu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Guðjón Bragason
sviðsstjóri lögfræðisviðs

Fylgiskjal:

Umsögn um þál. um SV-línu, 11. mál



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 6. nóvember 2009

0910024SA KB/gk
Málalykill: 180

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál

Vísað er til bréfs umhverfisnefndar Alþingis, dags. 22. þ.m. en með því var ofangreind þingsályktunartillaga send til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Eftir að erindi umhverfisnefndar barst sambandinu til umsagnar kvað Skipulagsstofnun upp nýja ákvörðun í málinu, dags. 30. október. Þegar af þeirri ástæðu virðist ljóst að ekki er ástæða til þess að endurupptaka úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 28. september sl. Engu að síður telur lögfræðisvið sambandsins mikilvægt að úrskurður ráðuneytisins fái umfjöllun á vettvangi umhverfisnefndar Alþingis, meðal annars með tilliti til þess hvort lög nr. 16/2000 um mat á umhverfisáhrifum séu nægilega skýr varðandi beitingu 2. mgr. 5. gr. um sameiginlegt mat á tengdum framkvæmdum.

Í meðfylgjandi minnisblaði lögfræðisviðs er dregið verulega í efa að úrskurður umhverfisráðuneytis dags. 28. september 2009, byggist á réttri lagatúlkun og lögmætum sjónarmiðum. Er meðal annars vísað til þess að umboðsmaður Alþingis hefur nýlega beint tilmælum til umhverfisráðuneytis þess efnis að úrskurðir um mat á umhverfisáhrifum yrðu kveðnir upp innan lögmæltis afgreiðslufrests. Meginniðurstöður lögfræðisviðs eru eftirfarandi:

1. Skýra ber 2. mgr. 5. gr. laga nr. um mat á umhverfisáhrifum, þannig að þar sé mælt fyrir um heimild til þess að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum tiltekinna tengdra framkvæmda. Forsenda þess að heimildinni verði beitt er að fyrir liggi með nægjanlega óyggjandi hætti að tekin hafi verið ákvörðun um fyrirhugaðar matsskyldar framkvæmdir þannig að leggja megí raunhæft mat á hvort þær eru háðar hvor annarri og feli í sér sammögnunaráhrif.
2. Hvergi er að finna lagastoð fyrir því sjónarmiði að tiltekinn aðili að máli um mat á umhverfisáhrifum skuli hera hallann af því að óvissa ríki um hvort ráðist verði í frekari virkjanaf framkvæmdir og iðnaðaruppbyggingu en þegar hafa verið ákveðnar. Meginreglur stjórnsýsluréttar um meðalhóf og fyrirsjáanleika stjórnvaldsathafna styðja hins vegar þá niðurstöðu Skipulagsstofnunar að óvissa um hvort fleiri en ein matsskyld framkvæmd sé fyrirhuguð á sama svæði eigi ekki að bitna á framkvæmdaraðilum eða öðrum sem lögvarða hagsmuni hafa af framkvæmd.
3. Telja verður hæpið að umhverfisráðuneyti hafi án sérstakra lagafyrirmæla mátt komast að þeirri niðurstöðu að fella úr gildi ákvörðun sem þegar hafði verið tekin og á réttum lagagrundvelli eftir því sem best verður séð.





- Þar skiptir verulegu máli að um íþyngjandi ákvörðun var að ræða sem fór gegn réttmætum væntingum framkvæmdaraðila og annarra þeirra sem lögvarða hagsmuni höfðu af úrlausn málsins. Hvorki heimildarákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, né 10. gr. stjórnsýslulaga, renna nægjanlegum stöðum undir úrskurðarorð ráðuneytisins.
4. Ef það var mat ráðuneytisins að skort hafi á samráð við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur, var í senn eðlilegt og réttmætt að bregðast við því með samráði á kærustigi. Verður raunar að telja að slíkt samráð, burtséð frá öllu öðru, hafi farið fram á kærustigi með því að framkvæmdaraðili og leyfisveitendur sendu inn til ráðuneytisins umsagnir sínar um framkomnar kröfur kæranda um að sameiginlegt mat skyldi fara fram. Vart verður séð að ráðuneytið geti haldið því fram með réttu, að fengnum þeim umsögnum, að slíkir gallar hafi verið á málsmeðferð að ógilda beri ákvörðun Skipulagsstofnunar. Heimvísun málsins var einnig greinilega til þess fallin að draga meðferð máls verulega á langinn við aðstæður þegar brýnt var orðið að ekki yrði um frekari tafir að ræða. Er þá einkum vísað til þess að ráðuneytið hafði sjálft brotið gegn 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
 5. Sú lögfræðilega nálgun sem ráðuneytið byggir úrskurðinn á virðist einnig til þess fallin að valda verulegri óvissu hjá framkvæmdaraðilum um það hvenær framkvæmdir eiga að fara í sameiginlegt umhverfismat skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000. Ástæða kann því að vera til þess að umrætt lagaákvæði verði tekið til endurskoðunar til að skýra betur tilgang þess og skilyrði fyrir beitingu þess gagnvart einstökum framkvæmdum.

Margt bendir því til þess að bæði málsmeðferð og niðurstaða ráðuneytisins stangist á við góða stjórnsýsluhætti. Að svo stöddu verður ályktun hins vegar ekki dregin um það hvort og þá með hvaða hætti dómstólar kunni að telja úrskurðinn vera ógildanlegan eða hvort hann geti bakað ríkinu skaðabótaábyrgð.

Samband Íslenskra sveitarfélaga telur mikilvægt að umhverfisnefnd Alþingis skoði hvort úrskurður umhverfisráðuneytisins geti leitt af sér réttaróvissu um það hvenær 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum verði beitt. Jafnframt telur sambandið mikilvægt að nefndin skoði hvort þær ströngu kröfur sem ráðuneytið gerir til Skipulagsstofnunar um rannsókn málsins leiði til þess að útilokað verði fyrir stofnunina að taka afstöðu til matsskýrslna innan lögboðins frests.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Minnisblað

Móttakandi: Framkvæmdastjóri

Dags.: 6. nóvember 2009

Sendandi: Lögfræðisvið

Málsnr.: 0910024SA

Málalykill: 180

Efni: Úrskurður umhverfisráðuneytis um Suðvesturlínu

Minnisblað þetta er tekið saman í tilefni af erindi umhverfisnefndar Alþingis, dags. 22. þ.m., en með því var tillaga til þingsályktunar send til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Viðfangsefni minnisblaðsins er að greina þau lögfræðilegu atriði sem úrskurður umhverfisráðuneytis um Suðvesturlínu byggist á. Um þau atriði hefur nokkuð verið rætt frá því úrskurðurinn var kveðinn upp þann 28. september sl., en jafnframt er ljóst að úrskurðurinn snertir þjóðhagslega þætti á borð við stöðugleikasáttmála og atvinnuuppbyggingu. Ekki er á hinn bóginn tekin afstaða til þeirra þátta í þessu minnisblaði.

Að mati lögfræðisviðs vekur úrskurðurinn margvíslegar spurningar um efnistöð og málsmeðferð, þar á meðal um skýringu heimildarlaga, beitingu meðalhófsreglu, fyrirsjáanleika stjórnvaldsathafna, réttmætar væntingar málsaðila og samspil málshraðareglna við rannsóknarreglu stjórnslúslaga. Leitast verður við að svara þessum spurningum hér á eftir en í lok minnisblaðsins verða helstu atriði dregin saman ásamt ályktunum um lögmæti úrskurðarins.

Rétt er að taka fram að eftir að erindi umhverfisnefndar barst sambandinu til umsagnar tók Skipulagsstofnun nýja ákvörðun í málinu, dags. 30. október. Þegar af þeirri ástæðu virðist ljóst að ekki er ástæða til þess að endurupptaka úrskurð umhverfisráðuneytisins frá 28. september sl. Engu að síður telur lögfræðisvið sambandsins mikilvægt að úrskurður ráðuneytisins fái umfjöllun á vettvangi umhverfisnefndar Alþingis, meðal annars með tilliti til þess hvort lög nr. 16/2000 um mat á umhverfisáhrifum séu nægilega skýr varðandi beitingu 2. mgr. 5. gr. um sameiginlegt mat á tengdum framkvæmdum.

I. Hvernig ber að skýra 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum?

Lagaákvæðið sem liggur til grundvallar í málinu kemur fram í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, eins og því var breytt með 5. gr. laga nr. 74/2005. Það hljóðar svo:

Í þeim tilvikum þegar fleiri en ein matsskyld framkvæmd eru fyrirhugaðar á sama svæði eða framkvæmdirnar eru háðar hver annarri getur Skipulagsstofnun að höfðu samráði við viðkomandi framkvæmdaraðila og leyfisveitendur ákveðið að umhverfisáhrif þeirra skuli metin sameiginlega.

Skipulagsstofnun vísar til þess í hinn kærðu ákvörðun að tilvitnuð lagagrein hafi að geyma heimild, en ekki skyldu, til þess að fara tiltekna leið við mat á umhverfisáhrifum. Stofnunin taldi þessa leið ófæra sökum þess að ekki lægi fyrir hvaða framkvæmdir kæmi til álita að meta sameiginlega í skilningi ákvæðisins.

Í umfjöllun ráðuneytisins er lögð til grundvallar sú skýring á umræddu ákvæði, að þar komi fram tiltekin skilyrði sem ganga verði úr skugga um hvort fullnægt sé áður en



afstaða er tekin til þess hvort heimildinni verði beitt. Þegar upplýsa eigi hvort umrædd skilyrði séu uppfyllt, sé það meginatriðið hvort og þá hvaða matsskyldar framkvæmdir það eru sem eru á sama svæði og hlutaðeigandi framkvæmd og / eða háðar henni. Leggur ráðuneytið upp með að í fyrirliggjandi tilviki þurfi að meta hvort einhverjar framkvæmdir séu „háðar“ Suðvesturlínunum. Er í því sambandi vísað til orða í lögskýringargögnum þess efnis að tvær eða fleiri framkvæmdir hafi „sammögnunaráhrif“.

Gera verður athugasemd við þessa lögskýringu ráðuneytisins. Í fyrsta lagi er sú framsetning villandi að umrætt ákvæði hafi að geyma skilyrði sem öll þurfi að vera til staðar til þess að beita megi ákvæðinu. Eins og Skipulagsstofnun gengur réttilega út frá er um að ræða heimildarákvæði sem hlutaðeigandi stjórnvald getur ákveðið að beita á grundvelli forsvaranlegs mats.

Í öðru lagi vikur ráðuneytið sér hjá því að greina forsendur, sem telja verður að liggi – eðli málsins samkvæmt – til grundvallar ákvæðinu og Skipulagsstofnun byggir úrlausn sína á. Þar er átt við þau atriði að um sé að ræða tilteknar tengdar framkvæmdir. Hér er um skýrleikakröfu að ræða sem telja verður að leiði með beinum hætti af markmiði laganna. Tilvísun í lögskýringargögnum til sammögnunaráhrifa dregur ekki úr vægi þessarar kröfu, nema síður sé. Þá er einnig vert að hafa í huga að sé vikið frá þessari skýrleikakröfu býður það upp á ófyrirsjáanleg vandkvæði í framkvæmd, m.a. þegar taka þarf afstöðu til þess hverja mál varðar.

Að teknu tilliti til þessa verður að telja lögskýringu Skipulagsstofnunar vera mun áreiðanlegri en sú lögfræðilega nálgun sem ráðuneytið beitir. Í samræmi við það verður að ganga út frá því að skýra beri 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum þannig að þar sé mælt fyrir um heimild til þess að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum tiltekinna tengdra framkvæmda. Forsenda þess að heimildinni verði beitt er að fyrir liggi með nægjanlega óbyggjandi hætti að tekin hafi verið ákvörðun um tengdar framkvæmdir þannig að leggja megi raunhæft mat á sammögnunaráhrif þeirra.

II. Hver á að bera hallann af óvissu um hvort ráðist verði í tengdar framkvæmdir?

Í niðurlagi forsendna fyrir úrskurði ráðuneytisins er vísað til þess, að fram komi hjá framkvæmdaraðila að ekki verði farið í lagningu Suðvesturlínu nema að því marki sem þörf krefur m.a. vegna virkjanaf framkvæmda og iðnaðaruppbyggingar. Er ljóst að niðurstaða ráðuneytisins um að ógilda ákvörðun Skipulagsstofnunar er öðrum þræði byggð á því að þessi afstaða framkvæmdaraðila feli í sér að hann eigi að bera hallann af óvissu um hvort ráðist verði í tengdar framkvæmdir.

Hvergi er að finna lagastöð fyrir því sjónarmiði að tiltekinn aðili að máli um mat á umhverfisáhrifum skuli bera hallann af því að óvissa ríki um hvort ráðist verði í framkvæmdir. Meginreglur stjórnsýsluréitar um meðalhóf og fyrirsjáanleika stjórnvaldsathafna styðja á hinn bóginn þá niðurstöðu að óvissa um hvort fleiri en ein matsskyld framkvæmd sé fyrirhuguð á sama svæði eigi ekki að bitna á framkvæmdaraðilum eða öðrum sem lögvarða hagsmuni hafa af framkvæmd.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar var sérstaklega fjallað um meðalhófsreglu, auk þess sem stofnunin vísar sérstaklega til þess að staða framkvæmda á Reykjanesi sé afar ólík því sem hafi verið með stöðu framkvæmda tengdum álveri á Bakka. Er ekki annað að sjá en að ákvörðunin hafi að þessu leyti til verið tekin í fullu samræmi við lögmatís- og réttmatísreglur íslensks réttar og byggst á því að greina hvaða málefnalegt og lögmatís sjónarmið eigi að hafa mest vægi við úrlausn málsins.

Úrskurður ráðuneytisins byggist hins vegar ekki á neinni slíkri greiningu auk þess sem umfjöllun hans um vægi meðalhófsreglu er fremur yfirborðskennd og einhliða. Að teknu tilliti til þess verður að telja úrskurð ráðuneytisins ófullkominn og forsendur hans



og niðurstaða svari illa þeim kröfum sem gera verður til úrskurða í kærumálum samkvæmt stjórnarsýslulögum.

III. Hvað felst í því að ákvörðun Skipulagsstofnunar hafi verið felld úr gildi?

Það felst í forsendum og niðurstöðu ráðuneytisins að ákvörðun Skipulagsstofnunar hafi verið haldin verulegum annmarka og að annmarkinn hafi verið til þess fallinn að hafa veruleg áhrif á efni ákvörðunar.

Eins og rakið er hér að framan orka forsendur ráðuneytisins mjög tvímælis hvað þetta varðar. Þvert á móti verður að telja að ákvörðun Skipulagsstofnunar hafi verið tekin á réttum lagagrundvelli, með áreiðanlegri lögskýringu og greiningu á því hvaða málefnaleg og lögmæt sjónarmið eigi að hafa mest vægi við úrlausn málsins.

Telja verður hæpið að umhverfisráðuneyti hafi án sérstakra lagafyrirmæla mátt komast að þeirri niðurstöðu að fella úr gildi ákvörðun sem þannig hafði þegar verið tekin og á réttum lagagrundvelli eftir því sem best verður séð. Hér skiptir verulegu máli að um þyngjandi ákvörðun var að ræða sem fór gegn réttmætum væntingum framkvæmdaraðila og annarra þeirra sem lögvarða hagsmuni höfðu af úrlausn málsins.

Hvernig sem á málið er litið verður ekki séð hvernig heimildarákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, eða 10. gr. stjórnarsýslulaga, eigi að geta rennt nægjanlegum stöðum undir úrskurðarorð ráðuneytisins um að fella ákvörðun Skipulagsstofnunar úr gildi. Bent er einnig á að úrskurðurinn verður ekki rökstuddur með skírskotun til almennra fyrirmæla í varúðarreglum umhverfisréttar, enda eiga þær reglur samkvæmt efni sínu ekki við í málinu né heldur er vísað til þeirra reglna í úrskurðinum.

IV. Hvað felst í ráðagerð 2. mgr. 5. gr. um samráð?

Niðurstaða umhverfisráðuneytisins byggir öðrum þræði á því að tilvitnuð lagagrein mæli fyrir um samráðsskyldu og að skortur á því að viðhafa fullnægjandi samráð sé, ásamt öðru, verulegur annmarki á ákvörðun Skipulagsstofnunar.

Þessi rökstuðningur ráðuneytisins er nokkuð málum blandinn. Í fyrsta lagi verður ekki séð að orðalag greinarinnar eða almenn framkvæmd á hlíðstæðum ákvæðum gefi færi á þeim kröfum til samráðs sem ráðuneytið gerir. Í úrskurðinum er greint frá því hvernig Skipulagsstofnun taldi rétt að standa að samráði við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur og verður að telja að sú nálgun sé í fullu samræmi við það sem almennt er viðtekið í stjórnarsýslurétti um fyrirkomulag álitsumleitunar.

Í öðru lagi liggur fyrir að það var í senn eðlilegt og réttmætt að bregðast við meintum skorti á samráði með því að bæta úr því á kærustigi. Verður raunar að telja að slíkt samráð, burtséð frá öllu öðru, hafi farið fram á kærustigi með því að framkvæmdaraðili og leyfisveitendur sendu inn til ráðuneytisins umsagnir sínar um framkomnar kröfur kæranda um að sameiginlegt mat skyldi fara fram. Vart verður séð að ráðuneytið geti haldið því fram með réttu, að fengnum þeim umsögnum, að slíkir gallar hafi verið á málsmeðferð að ógilda beri ákvörðun Skipulagsstofnunar. Hér er vísað til þeirrar meginreglu að æðra stjórnvald fari með allar sömu heimildir og lægra sett stjórnvald og geti endurskoðað alla þætti í hinni kærðu ákvörðun. Engin raunveruleg þörf var þess vegna á því að heimvísa máli og allra síst þegar það var einnig greinilega til þess fallin að draga meðferð máls verulega á langinn við aðstæður þegar brýnt var orðið að ekki yrði um frekari tafir að ræða. Er þá einkum vísað til þess að ráðuneytið hafði sjálft brotið gegn 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. hér á eftir.

V. Hvernig var gætt að málshraða?

Málshraðareglur koma sérstaklega til skoðunar í málinu, og með tvennum hætti. Annars vegar með því að fyrir hendi eru ítarlegar reglur um málshraða Skipulagsstofnunar í IV.



kafli laga um mat á umhverfisáhrifum auk sérstakrar málshraðareglu á kærustigi í 4. mgr. 14. gr. sömu laga, og hins vegar með því að málshraðareglur setja rannsókn máls ákveðin takmörk.

Hvað fyrrnefnda atriðið varðar er ljóst að þegar umhverfisráðuneytið kvað upp úrskurð sinn þann 28. september s.l. voru liðnir meira en fimm mánuðir frá því að lögbundinn kærufrestur rann út. Ráðuneytið fór því verulega umfram þann tveggja mánaða afgreiðslutíma sem mælt er fyrir um í fyrirgreindri 4. mgr. 14. gr., og ekki verður séð að fyrir mæla 3. mgr. 9. gr. stjórnslulaga hafi verið gætt. Reglur um málshraða voru því ekki virtar af hálfu umhverfisráðuneytis.

Hvað síðarnefnda atriðið varðar þá hefur það verulega þýðingu í málinu að greina hvernig málshraðareglur spila saman við rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga, enda byggist úrskurður ráðuneytisins einkum á beitingu þess ákvæðis. Hér er vert að vísa til nýlegs álits umboðsmanns Alþingis, sem varðar afgreiðslutíma umhverfisráðuneytisins á stjórnslulukærum vegna ákvarðana Skipulagsstofnunar á grundvelli laga um mat á umhverfisáhrifum. Ályktanir umboðsmanns í þessu álit (mál nr. 5376/2008, álit dags. 29. desember 2008) hafa því verulegt gildi.

Í stuttu máli er það niðurstaða umboðsmanns að þegar löggjafinn hafi bundið fresti til afgreiðslu mála í lög beri stjórnvöldum að haga meðferð mála þannig að lögmæltir frestir til afgreiðslu þeirra væru haldnir. Þá taldi umboðsmaður:

„... að málshraðareglur settu rannsókn máls ákveðin takmörk. Hefði 10. gr. stjórnslulaga því verið skýrð þannig að stjórnvald þyrfti að afla þeirra upplýsinga sem væru nauðsynlegar til þess að hægt væri að taka efnislega rétta ákvörðun í máli. Bæri því að forðast að draga mál á langinn með því að afla umsagna og gagna sem lítil þörf væri á en eftir því sem umsagnaraðilar væru fleiri ykjast líkur á því að meðferð málsins yrði umfangsmeiri og tímafreakari. Þegar líkur væru á að svo yrði væri sérstaklega mikilvægt að stjórnvöld legðu mat á það hverju sinni hvort þörf væri fyrir umsögn, væri ekki lögbundið að leita hennar. Við það mat bæri stjórnvaldi, auk rannsóknarreglu 10. gr. stjórnslulaga, að hafa í huga lögbundnar málshraðareglur og þá hagsmuni sem aðilar máls hefðu almennt af því að afgreiðsla máls dragist ekki um of.“

Ekki verður betur séð en að þessi atriði eigi beina skírskotun til úrskurðar umhverfisráðuneytisins um Suðvesturlínur, sem eins og áður segir byggist einkum á beitingu 10. gr. stjórnslulaga. Í úrskurðinum er hins vegar engin tilraun gerð til þess að leggja mat á það að hvaða marki málshraðareglur takmörkuðu rannsókn málsins og hvaða hagsmuni aðilar málsins hefðu af því að afgreiðsla þess drægist ekki.

Að teknu tilliti til þess verður að líta svo á að ýmislegt bendi til þess að bæði undirbúningur og réttaráhrif úrskurðarins stangist á við góða stjórnsluhætti og feli í sér tafir að ástæðulausu. Vert er að benda á að fordæmi eru fyrir því í dönskum rétti að stjórnvald sé skaðabótaskyldt verði það uppvíst að því að teifa mál að ástæðulausu.

Samantekt:

1. Skýra ber 2. mgr. 5. gr. laga nr. um mat á umhverfisáhrifum, þannig að þar sé mælt fyrir um heimild til þess að fram fari sameiginlegt mat á umhverfisáhrifum tiltekinna tengdra framkvæmda. Forsenda þess að heimildinni verði beitt er að fyrir liggji með nægjanlega óbyggjandi hætti að tekin hafi verið ákvörðun um fyrirhugaðar matsskyldar framkvæmdir þannig að leggja megj raunhæft mat á hvort þær eru háðar hvor annarri og feli í sér sammögnunaráhrif.
2. Hvergi er að finna lagastoð fyrir því sjónarmiði að tiltekinn aðili að máli um mat á umhverfisáhrifum skuli bera hallann af því að óvissa ríki um hvort ráðist verði í



frekari virkjanaframkvæmdir og iðnaðaruppbyggingu en þegar hafa verið ákveðnar. Meginreglur stjórnarsýsluréttar um meðalhóf og fyrirsjáanleika stjórnvaldsathafna styðja hins vegar þá niðurstöðu Skipulagsstofnunar að óvissa um hvort fleiri en ein matsskyld framkvæmd sé fyrirhuguð á sama svæði eigi ekki að bitna á framkvæmdaraðilum eða öðrum sem lögvarða hagsmuni hafa af framkvæmd. Ákvörðun Skipulagsstofnunar virðist að þessu leyti hafa verið tekin í fullu samræmi við lögmatís- og réttmatísreglur íslensks réttar.

3. Telja verður hæpið að umhverfisráðuneyti hafi án sérstakra lagafyrirmæla mátt komast að þeirri niðurstöðu að fella úr gildi ákvörðun sem þegar hafði verið tekin og á réttum lagagrundvelli eftir því sem best verður séð. Þar skiptir verulegu máli að um íþyngjandi ákvörðun var að ræða sem fór gegn réttmætum væntingum framkvæmdaraðila og annarra þeirra sem lögvarða hagsmuni höfðu af úrlausn málsins. Hvorki heimildarákvæði 2. mgr. 5. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, né 10. gr. stjórnarsýslulaga, renna nægjanlegum stoðum undir úrskurðarorð ráðuneytisins. Þá eru almennar varúðarreglur umhverfisréttar ekki þess efnis að þær eigi við í málinu, enda ekki vísað til þeirra í úrskurði ráðuneytisins.
4. Ef það var mat ráðuneytisins að skort hafi á samráð við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur, var í senn eðlilegt og réttmætt að bregðast við því með samráði á kærustigi. Það samrýmist hins vegar illa úrskurðarhlutverki ráðuneytisins og meginreglum stjórnarsýsluréttar að heimvísa máli til þess að fullnægja samráðsskyldu. Heimvísun máls var einnig greinilega til þess fallin að draga meðferð máls verulega á langinn við aðstæður þegar brýnt var orðið að ekki yrði um frekari tafir að ræða. Er þá einkum vísað til þess að ráðuneytið hafði sjálft brotið gegn 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
5. Ef það var mat ráðuneytisins að skort hafi á samráð við framkvæmdaraðila og leyfisveitendur, var í senn eðlilegt og réttmætt að bregðast við því með samráði á kærustigi. Verður raunar að telja að slíkt samráð, burtséð frá öllu öðru, hafi farið fram á kærustigi með því að framkvæmdaraðili og leyfisveitendur sendu inn til ráðuneytisins umsagnir sínar um framkomnar kröfur kærenda um að sameiginlegt mat skyldi fara fram. Vart verður séð að ráðuneytið geti haldið því fram með réttu, að fengnum þeim umsögnum, að slíkir gallar hafi verið á málsmeðferð að ógilda beri ákvörðun Skipulagsstofnunar. Heimvísun málsins var einnig greinilega til þess fallin að draga meðferð máls verulega á langinn við aðstæður þegar brýnt var orðið að ekki yrði um frekari tafir að ræða. Er þá einkum vísað til þess að ráðuneytið hafði sjálft brotið gegn 4. mgr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.
6. Sú lögfræðilega nálgun sem ráðuneytið byggir úrskurðinn á virðist einnig til þess fallin að valda verulegri óvissu hjá framkvæmdaraðilum um það hvenær framkvæmdir eiga að fara í sameiginlegt umhverfismat skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 106/2000. Ástæða kann því að vera til þess að umrætt lagaákvæði verði tekið til endurskoðunar til að skýra betur tilgang þess og skilyrði fyrir beitingu þess gagnvart einstökum framkvæmdum.

Margt bendir því til þess að bæði málsmeðferð og niðurstaða ráðuneytisins stangist á við góða stjórnarsýsluhætti. Að svo stöddu verður ályktun hins vegar ekki dregin um það hvort og þá með hvaða hætti dómstólar kunni að telja úrskurðinn vera ógildanlegan eða hvort hann geti bakað ríkinu skaðabótaábyrgð.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS



Alþingi
Erindi nr. P 138/2303
komudagur 17.5.2010
 **SAMORKA**
Samtök orku- og veitufyrirtækja

Alþingi
Umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

SA/

Rvk. 17. maí 2010

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 106/2000, með síðari breytingum, 514. mál

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Samorka – samtök orku- og veitufyrirtækja skila sameiginlegri umsögn um frumvarp þetta.

Um langa hríð hefur legið fyrir að ferli sem byggt hefur verið upp í kringum lögin um mat á umhverfisáhrifum er allt of langt og viðamikil. Engin svör er unnt að gefa í upphafi um hve langan tíma það muni taka, dæmi eru um að umsagnaraðilar fái sama verkefni til umsagnar oft en tuttugu sinnum, umsagnaraðilar virða ekki tímafresti og fara jafnvel út fyrir það svið sem þeim er afmarkað með lögum. Séríslensk lagaákvæði um að unnt sé krefjast þess að meta eigi saman áhrif framkvæmda sem í raun eru alls ótengdar bæta ekki úr skák. Við þetta bætist að oft koma einnig til breytingar á aðal- eða deiluskipulagi sveitarfélaga sem sömuleiðis þurfa til umsagnar og kynningar. Að lokum koma til ótal kæruleiðir þeirra sem af einhverjum ástæðum kunna að vera andvígir framkvæmdum sem fjallað er um.

Það er því afar mikilvægt að allt þetta ferli verði tekið til endurskoðunar með það fyrir augum að einfalda það og gera gagnsærra þannig að skemmri tíma taki að fá úrskurði um hvort heimilað verði að ráðast í tilteknar framkvæmdir. Það er allra hugar að matsferlið sé traust og áreiðanlegt. Ofangreind samtök lýsa sig reiðubúin að koma að slíkri vinnu.


Í frumvarpi því sem hér um ræðir er gengið í þveröfuga átt. Lagt er til að frestur umhverfisráðherra til að kveða upp úrskurð í kærumálum verði lengdur úr tveimur mánuðum í þrjá og ef ráðherra svo kýs má lengja frestinn í allt að sex mánuði.

Fjöldmörg dæmi eru um að umhverfisráðuneytið og stofnanir þess hafi ekki virt lögbundna fresti í þessum efnum og ekkert sem segir að það muni breytast þótt frestir verði lengdir. Í því ljósi er eindregið lagt til að þetta frumvarp hljóti ekki brautargengi á Alþingi heldur verði lagt fyrir ráðherra að endurskoða allt ferlið frá upphafi til enda með hliðsjón af þeim ábendingum sem hér eru settar fram. Til vara gera ofangreind samtök þá kröfu að frumvarpinu verði breytt í þá veru að þögn verði metin sem samþykki að lögbundnum fresti liðnum.


Virðingarfyllst,



Fh. Samtaka atvinnulífsins
Pétur Reimarsson



Fh. Samtaka iðnaðarins
Bryndís Skúladóttir



Fh. Samorku
Gústaf A. Skúlason

Alþingi
Erindi nr. P 138/2468
komudagur 20.5.2010



2010010030
9003


Alþingi
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. maí 2010

/--

Efni: Umsögn Skipulagsstofnunar um framkomið frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum, 514. mál.

Vísað er til erindis umhverfisnefndar Alþingis, dags. 6. maí 2010, þar sem þess er óskað að Skipulagsstofnun láti í té umsögn sína um framkomið frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (lengri úrskurðarfrestur ráðherra), 514. mál. Skipulagsstofnun gerir engar athugasemdir.


Þorvaldur Heiðar Þorsteinsson

Alþingi
Erindi nr. P 138/2446
komudagur 18.S.2010

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 18. maí 2010
Tilvisun: UST20100500042/þek

Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (lengri úrskurðarfrestur ráðherra), 514. mál

Með tölvubréfi, dags. 6. maí 2010, sendi umhverfisnefnd Alþingis Umhverfisstofnun til umsagnar frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum (lengri úrskurðarfrestur ráðherra), 514. mál.

Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllt

Sigrún Agustsdóttir

Alþingi
Erindi nr. P 138/2106
komudagur 10.5.2010


Nefndasvið Alþingis — umhverfisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
krb@althingi.is

Dags. 7.5.2010
Tilv. 012/9464

Varðar: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum,
nr. 106/200, með síðari breytingum
þskj. 901 – 514. máí

Veðurstofa Íslands gerir ekki athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllt


Árni Snorrason
forstjóri VÍ

Alþingi
Erindi nr. D 138/2605
komudagur 31.5.2010



Nefndasvið Alþingis
Kristjana Benediktsdóttir
Austurstræti 8 - 10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 28. maí 2010
Tilvísun: 2010050027/90.12
KK/SE/MBS/BH
Tilv. ykkar: 06.05.2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 (lengri úrskurðarfrestur ráðherra), 514. mál.

Með tölvupósti dags. 6. maí 2010 er óskað eftir umsögn Vegagerðarinnar um ofangreint frumvarp. Breyting sem hér er lögð til hefur þau áhrif að frestur umhverfisráðherra til að úrskurða um kæru, sem skotið er til ráðherra skv. 14. gr. laganna, lengist í 3 til 6 mánuði eftir umfangi máls.

Það hefur verið reynsla Vegagerðarinnar undanfarin ár að frestir ráðherra til að úrskurða um kærumál hafa ekki staðist í framkvæmd. Með frumvarpinu er tekin sú afstaða að lengja þurfi frest ráðherra til að úrskurða fremur en að auka málshraða. Vegagerðin bendir á að auka mætti málshraða t.d. með því að einfalda málsmeðferð. Í sumum tilvikum er óskað umsagnar um kæru frá sama umsagnaraðila og áður hefur fjallað um mál með ítarlegum hætti. Liggur þá gjarnan fyrir afstaða viðkomandi umsagnaraðila til kæruefnisins með beinum eða óbeinum hætti. Vegagerðin hefði talið þann kost æskilegri að leita leiða til að auka málshraða fremur en að fara þá leið sem frumvarpið mælir fyrir um. Allur dráttur á því að niðurstöður fái um kærur samkvæmt lögnum getur valdið því að mat dragist á langinn og framkvæmdir tefjist þar með. Bent hefur verið á að málsmeðferð vegna undirbúnings framkvæmda hafi lengst mikið með sífellt flóknara leyfisveitingaferli og kærumöguleikum. Brýnt er að mati Vegagerðarinnar að leitað sé allra leiða til að stytta málsmeðferðartíma fremur en að lengja hann.

Með vísan til framangreinds leggur Vegagerðin til að vandlega verði skoðað hvort unnt sé að grípa til ráðstafana til að einfalda málsmeðferð og flýta þar með málum fremur en að lengja úrskurðarfrest ráðherra.

Virðingarfyllt,

Hreinn Haraldsson,
vegamálastjóri.